Nd. 691. Þingsályktun

um rannsókn á veginum frá Markarfljóti til Víkur í Mýrdal.

(Afgreidd frá Nd. 2. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka næsta sumar akbrautarstæði frá Markarfljóti til Víkur í Mýrdal og gera áætlun um kostnað. Þar með sjeu teknar nauðsynlegar brýr á árnar, sem eru á þessari leið.